

Nd.

**342. Nefndarálit**

[115. mál]

um frv. til 1. um breyt. á 1. nr. 18 31 maí 1927, um iðju og iðnað.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Þegar aðild Íslands að EFTA var til umræðu á Alþingi fyrir hátíðar í vetur, gerði Framsóknarflokkurinn þá tillögu, að frestað yrði að taka ákvörðun varðandi afstöðu Íslands til EFTA, en þá þegar hafizt handa um nauðsynlegar áætlunargerðir og málið kynnt þjóðinni sem bezt. Rökstuddi flokkurinn þessa afstöðu sína með því, að enn hefði ekki verið gerð islenzk iðnþróunaráætlun, sem fæli í sér aðlögun að friverzlun við önnur lönd né viðhlitandi áætlun um aðra þætti þjóðarbúskaparins við slík skilyrði, enda væri friverzlun sú, sem kostur væri á, ekki aðkallandi nauðsyn vegna útflutnings, eins og hann er nú.

Þessi tillaga Framsóknarflokksins var felld á Alþingi og innganga Íslands í EFTA samþykkt. Þetta hefur það m. a. í för með sér, að lögð hafa verið fyrir Alþingi nokkur frumvörp til laga, sem miða að því að samræma ýmis ákvæði islenzkrar löggjafar ákvæðum í EFTA-samningnum. Eitt þeirra er frumvarp það um breytingu á lögum um, iðju og iðnað, sem þetta nefndarálit fjallar um.

Minni hl. fellst á það, að ýmiss konar samræming af þessu tagi sé rökrétt afleiðing af gildistöku EFTA-samningsins hér á landi. Hins vegar lítur hann svo á, að á frumvarpinu, eins og það nú liggur fyrir, séu verulegir ágallar, sem bæta megi úr við meðferð málsins. Telur hann rétt að tryggja Alþingi eða kjörnum fulltrúum þess aðstöðu til að fylgjast með og hafa áhrif á mikilsverðar ákvarðanir, sem ráðherra eða embættismönnum er ætlað að taka samkvæmt frumvarpinu, og flytur um það breytingartillögu á sérstöku þingskjali. Er efni hennar við það miðað, að líklegt megi telja, að Alþingi geti á hana fallizt, þótt eigi hafi að svo stöddu náðst um hana samkomulag í nefndinni.

Alþingi, 31. jan. 1970.

Gísli Guðmundsson,  
frsm.

Þórarinn Þórarinsson.